



Bragi Bergþórsson er fæddur árið 1981 í Reykjavík. Hann hóf ungur tónlistarnám á fiðlu og píanó en söng í fyrsta skipti á sviði í barnakór í óperunni Othello í Íslensku Óperunni árið 1992. Hann söng einnig með Hamrahlíðarkórnum en sneri sér að söngnámi árið 2002 í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Dr. Þórunni Guðmundsdóttur. Árið 2004 hélt hann til Lundúna þar sem hann stundaði nám við Guildhall School of Music & Drama hjá Rudolf Piernay. Þar lauk hann Mastersgráðu árið 2005 og Óperudeild skólans sumarið 2007. Hann hefur komið fram í ýmsum óperuuppfærslum, ss. frumflutningi á Gretti, óperu Þorkels Sigurbjörnssonar, á Íslandi, Þýskalandi og Kanada, Capriccio (Strauss), Brúðkaupi Fígarós (Mozart), Il Tabarro (Puccini), Ariadne auf Naxos (Strauss) og nú síðast í La Traviata (Verdi) hjá Íslensku Óperunni. Bragi hefur einnig sungið nokkuð á tónleikum víðsvegar um landið sem og erlendis.